

2014

Þjóðarspegillinn

Ráðstefna í félagsvísindum XV

Mótun landamæra og mæra
upplifanir og ólík staða innflytjenda

Unnur Dís Skaptadóttir
Ása Guðný Ásgeirsdóttir

Ritstjórar:
Helga Ólafs
Thamar M. Heijstra
Félags- og mannvísindadeild

Rannsóknir í félagsvísindum XV. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2014

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN: 978-9935-424-18-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Mótun landamæra og mæra: upplifanir og ólík staða innflytjenda

Unnur Dís Skaptadóttir
Ása Guðný Ásgeirsdóttir

Samhliða því að landamæri Íslands opnuðust gagnvart fólki frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins (ESB) inn á sameiginlegan vinnumarkað Evrópska Efnahags-svæðisins (EES) árið 2006, lokuðust hliðin gagnvart þeim sem komu annars staðar frá. Síðan hefur fólk utan EES einungis getað komið til landsins á grundvelli fjölskyldu-sameiningar, sem sérfræðingar og sem flóttamenn. Í þessari grein fjöllum við um áhrif þessara breytinga á reynslu fólks frá Filippseyjum og Nepal á Íslandi. Reynsla fólks frá þessum tveimur löndum er ólík á margan hátt, en er svipuð með tilliti til stöðu á vinnumarkaði, fjölskyldusameiningar og fordóma sem þau verða fyrir sem fólk frá Asíu. Við beinum sjónum að hindrunum sem fólk rekst á þegar það flyst til landsins vegna vinnu og fjölskyldusameiningar. Við spyrjum hvernig sköpun landamæra og mæra (*boundary*) mótar þátttöku fólks og rétt þeirra til að tilheyra.

Ísland er eyríki sem ólíkt flestum öðrum ríkjum Evrópu virðist hafa mjög skýr landamæri. Auk þess er ímynd Íslands tengd við einsleitni íbúanna þar sem menningarleg mæri eru einnig talin vera skýrt afmörkuð. Nánari athugun leiðir í ljós flóknari veruleika. Ísland var ekki fullvalda ríki fyrr en 1944 en í sjálfstæðisbaráttunni var lögd áhersla á einsleitni og stöðlun tungumálsins (Guðmundur Hálfðánarson, 2001; Hallfríður Þórarinsdóttir, 2004; Unnur Dís Skaptadóttir, 2007). Í almennri umræðu á Íslandi er oft talað um aukna flutninga fólks til landsins sem ógn við þessa einsleitni og hreinleika tungumálsins (Skaptadóttir, 2007; Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2009). Ísland hefur verið hluti af EES síðan 1994, sem felur í sér frjálst flæði vöru og þjónustu og frjálsan flutning fólks. Einnig hefur Ísland verið aðili að Schengen svæðinu frá árinu 2001 og í maí 2006 var undanþágu vegna flutninga fólks frá nýjum löndum ESB aflétt. Ákvarðanir um landamæravörslu og flæði vara og fólks eru því teknar bæði staðbundið og í samstarfi við ríki á fjölbjóðlegum vettvangi. Það sama á við um þær ákvarðanir sem gera fólki frá Evrópu auðveldara fyrir að ferðast innan álfunnar á meðan þeim sem koma utan álfunnar er gert erfiðara fyrir. Skilgreining á landamærum Íslands er þannig afurð ákvarðanna sem eru teknar á Íslandi og í samstarfi við önnur lönd.

Breytingarnar í Evrópu eins og stofnun ESB, Schengen og EES sýna hvernig landamæri Evrópu og merking þeirra eru breytingum undirorpnar (Green, 2013). Til að varpa ljósi á áhrif slíkra breytinga á möguleika fólks til að flytja milli staða og á daglegt líf þeirra, verðum við að hafa í huga hvernig landamæri tengjast sköpun og afmörkun þjóðríkja og hugmyndum um hver tilheyrir (*belong*). Hvað innflytjendur varðar felur þetta meðal annars í sér greiningu á hvernig fólk fær aðild að þjóðríkinu og á hvaða forsendum það er útilokað. Sameiginlegur uppruni eða hugmyndir um sameiginlega menningu, trú eða tungumál eru oft grundvöllur aðgreiningar (Eriksen, 2007; Yuval Davis, 2013).

Fassin (2011) bendir á hvernig algengt sé í mannfræði að aðgreina annars vegar landfræðileg landamæri og hins vegar félagslega skilgreind mæri. Hann leggur áherslu á að í raun sé ekki hægt að aðskilja þetta tvennt þegar við greinum stýringu fólks-flutninga og upplifanir fólks af flutningum. Með því að beina sjónum að innflytjendum sjálfum og þeirra sýn komi skýrt í ljós hvernig þetta tvennt skarast því þegar fólk flytur milli landa uppgötvar það ný mæri í gegnum þá mismunun sem þau

verða fyrir. Þær hindranir sem fólk rekur sig á tengjast hugmyndum um kynþætti og hvernig stefnumótun leiðir til mismunandi hindrana fyrir ólíka hópa (Fassin, 2011). Þetta sjónarhorn er gagnlegt við greiningu á reynslu innflytjenda af breytilegum landamærum og mærum.

Þverþjóðlegt sjónarhorn veitir innsýn í hvernig áætlanir, sjálfsmynd, og tilfinning fyrir því að tilheyra stað mótast af þátttöku fólks í lífi á tveimur eða fleiri stöðum (Skaptadóttir og Wojtyńska, 2008; Vertovec 2004). Þverþjóðleiki varpar einnig ljósi á ferla sem eru stærri en þjóðríkið og hafa áhrif á líf innflytjenda og minnir okkur jafnframt á að ganga ekki alltaf út frá þjóðríkinu sem rannsóknareiningu (Parrenas, 2001; Wimmer og Schiller, 2003). Eins og fram hefur komið eru breytingarnar á landamærum Íslands afleiðing samninga um frjáls flæði vinnuafls milli landa innan EES. Ný túlkun á lögum og reglugerðum sem voru þegar í gildi settu íbúa Evrópu í forgang og útilokuðu þá sem koma annars staðar frá. Vaxandi andúð gagnvart innflytjendum eftir efnahagshrunið 2008 jók enn á þær hindranir sem fólk rekst á með tilliti til þess hver getur tilheyrt og hver er útilokaður. Við þurfum að hafa í huga að landamæri ríkja eru pólitísk sem þýðir að innan þeirra hafa ekki allir sama skilgreiningarvald (Green, 2013). Skilgreiningarvaldið snýr ekki aðeins að opinberum flokkunum heldur einnig þeim staðalmyndum sem er haldið á lofti um ólíka hópa fólks.

Í umræðu okkar hér leggjum við áherslu á þessi viðfangsefni og þýðingu breytilegra landamæra og mæra fyrir fólk frá Filippseyjum og Nepal á Íslandi. Annars vegar er ætlast til þess að fólk frá þessum löndum séu þátttakendur í íslensku samfélagi en hins vegar eru það útilokað á margan hátt. Við sýnum hvernig breytingar á landamærum Evrópu hafa áhrif á daglegt líf þess og byggjum umræðu okkar á gögnum úr rannsóknum okkar á meðal Filippseyinga og Nepala sem hafa flust búferlum til Íslands á síðustu 20 árum. Aðferðirnar sem beitt er við þessar rannsóknir fela meðal annars í sér þátttökuathuganir, hálfstöðluð viðtöl og óformleg samtöl. Í rannsókn fyrsta höfundar, sem hófst 2009, hafa verið tekin viðtöl við um 60 einstaklinga og umræður í tveimur rýnihópum á meðal Filippseyinga á höfuðborgarsvæðinu og í þremur minni bæjarfélögum. Í rannsókn annars höfundar, sem hófst 2010, hafa verið tekin 20 viðtöl við Nepala á höfuðborgarsvæðinu. Í báðum rannsóknum er stefna og þau lög sem hafa áhrif á fólkið einnig greind sem og fjölmiðlaumfjöllun um málefni sem tengjast rannsóknum okkar.

Breytileg landamæri: reynsla Nepala og Filippseyinga

Á tíunda áratug síðustu aldar urðu miklar breytingar á efnahagskerfinu á Íslandi. Áhersla varð á nýfrjálshyggju og með fullgildingu samningsins um EES var fjármagnsflæði gefið frjálst og bankar einkavæddir (Loftsdóttir, í prentun). Efnahagslegur uppgangur leiddi til skorts á vinnuafl í sjávarútvegi, matvælaframleiðslu og þjónustu. Innflytjendum fjölgaði mikið á þessum tíma og komu flestir frá Póllandi en einnig frá löndum eins og Filippseyjum og Tailandi (Skaptadóttir og Wojtyńska, 2008; Bissat, 2013; Skaptadóttir, í prentun). Þangað til 2006 komu flestir innflytjendur til landsins á tímabundnu atvinnuleyfi sem þurfti að endurnýja á hverju ári og var tengt vinnuveitendanum. Þetta kerfi var að mörgu leyti líkt því sem tíðkaðist í Evrópu eftirstríðsáranna þar sem að litið var á innflytjendur sem gestaverkamenn með takmörkuð réttindi sem færu til síns heima þegar störfum þeirra væri lokið (Ruhs og Martin, 2008). Á Íslandi ólíkt Evrópu þess tíma voru flestir innflytjendur að vinna í formlega geiranum og því með aðgang að verkalýðsfélagi og að öðru leyti með sömu réttindi og almennt gilda á vinnumarkaði.

Árið 1996 voru innflytjendur (fólk fætt erlendis af foreldrum fæddum erlendis) um tvö prósent af heildar íbúafjölda á Íslandi en fjölgaði mikið á rúmlega áratug og voru

8,1% íbúa árið 2008 (Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Katrín Tryggvadóttir, 2009). Árið 2006 fjölgaði innflytjendum mikið þegar undanþágu um frjálst flæði vinnuafls frá nýju Evrópulöndunum var aflétt á sama tíma og mörg stór mannaflsrek verkefni voru í gangi í miðri þenslu. Fólki sem kom frá löndum EES þurftu ekki lengur að sækja um atvinnuleyfi áður en það kom til landsins. Á sama tíma varð mun erfiðara fyrir fólk utan ESB og EES að koma vegna vinnu þrátt fyrir skort á vinnuaflum (Karl Sigurðsson og Valur Arnarson, 2011). Þessi útilokun ríkisborgara frá löndum utan Evrópu varð ekki, eins áður sagði, vegna breytinga á íslenskum lögum heldur breyttist túlkun á lögnum sem fyrir voru og var ákvörðun tekin um að veita íbúum Evrópu forgang (Íris Björg Kristjánsdóttir, 2010). Vinnuálastofnun hætti að veita fólki sem kom frá löndum utan Evrópu atvinnuleyfi strax árið 2005 til þess að bregðast við væntanlegum auknum fjölda fólks frá Evrópu vorið 2006 (Bissat, 2013).

Fólk frá Filippseyjum fór að koma í auknum mæli til landsins á tíunda áratug síðustu aldar. Í upphafi voru það aðallega konur sem komu til að sameinast íslenskum eiginmönnum og til þess að vinna við ýmis störf eins og í fiskvinnslu og við umönnun. Þegar á leið varð fjölskyldusameining algengari ástæða flutninga til landsins og starfa Filippseyingar nú við margbreytileg störf og voru 1385 í upphafi árs 2013 (Hagstofa Íslands, e.d. a). Um miðjan tíunda áratuginn og í upphafi þessarar aldar komu nokkrir karlar frá Nepal til þess að gerast leiðsögumenn í flúðasiglingum. Þeir unnu sem leiðsögumenn á sumrin en fundu sér svo vinnu annars staðar á Íslandi yfir veturinn. Eiginkonur, börn og aðrir fjölskyldumeðlimir sameinuðust þeim síðar og í byrjun árs 2013 voru 95 einstaklingar fæddir í Nepal búsettir á Íslandi (Hagstofa Íslands, e.d. a). Algengast var að fólk frá Nepal kæmi til að starfa við matvælaframleiðslu og mjög oft í sömu fyrirtækjum og ættingjarnir sem fyrir voru. Fólk sem kom frá Filippseyjum og Nepal gat ekki fengið til sín systkini eða aðra ættingja á grundvelli fjölskyldusameiningar, en fyrir árið 2006 gátu þau fundið störf fyrir ættingja sína og þannig fengið þau til sín. Konur sem komu frá Filippseyjum til þess að vinna í almennum umönnunarstörfum í heilbrigðisgeiranum eða sem hjúkrunarfræðingar fundu til dæmis svipuð störf fyrir systur sínar, frænkur eða vini (Júlíusdóttir, Skaptadóttir og Karlsdóttir, 2013). Margir þeirra sem komu frá þessum tveimur löndum höfðu áætlanir um að flytjast annað til þess að vinna. Alengt er að Filippseyingar hafi stundað háskólanám sem þeir völdu með tilliti til þess að geta nýtt menntunina erlendis. Flestir þeirra sem koma frá Nepal hafa aðeins grunnskólamenntun, en báðir hóparnir hafa þrátt fyrir ólíka menntun og fyrri starfsreynslu fyrst og fremst unnið við ófaglærð störf í þjónustu og framleiðslu.

Þessir flutningar stöðvuðust næstum alveg vegna breytinganna sem urðu 2006 vegna takmarkaðs aðgangs fólks utan Evrópu. Fjölskyldusameining og hjónaband urðu þá helstu leiðir fólks til þess að koma til landsins. Sérfræðingar, börn undir 18 ára aldri og foreldrar eldri en 67 voru þau einu sem áttu rétt á að koma til landsins. Einnig má ráða til sín au pair í eitt ár frá þessum löndum. Af þessu leiðir að flestir þeir sem hafa komið frá þessum tveimur löndum eftir 2006 hafa komið vegna fjölskyldusameiningar. Nokkrir hjúkrunarfræðingar hafa komið á grundvelli sérfræðipækkingar sinnar með tímabundið atvinnuleyfi. Þeir Nepalir sem vinna sem leiðsögumenn í flúðasiglingum koma nú tímabundið yfir sumarið sem sérfræðingar en verða svo að snúa aftur til Nepal um haustið þar sem ekki er hægt að framlengja atvinnuleyfið ólíkt því sem áður var.

Útilokun fólks utan Evrópu frá íslenskum vinnumarkaði var ekki tilkynnt opinberlega og margir vissu ekki af þessum breytingum. Allt í einu voru áætlanir fólks um að fá til sín ættingja, sem fólust meðal annars í því að sýna fram á framfærslu, fá atvinnuleyfi og kaupa flugmiða, stöðvaðar. Systkini, frændfólk og afkomendur eldri en 18 ára gátu ekki lengur flutt til Íslands vegna vinnu. Þetta olli óánægju meðal margra þátttakenda í rannsóknum okkar. Miðaldra hjón frá Filippseyjum höfðu unnið hörðum höndum að því að börnin þeirra fengu háskólamenntun til að geta unnið á Íslandi.

Þau tóku þá ákvörðun að skilja börnin sín, sem voru þá á táningsaldri, eftir hjá ættingjum svo að þau gæti lokið námi áður en þau kæmu til Íslands. Foreldrarir höfðu fundið vinnu fyrir þau á öldrunarstofnun þegar breytingarnar urðu, en þá var ekki lengur hægt að fá tímabundið atvinnuleyfi. Faðirinn útskýrði reynslu sína af samskiptum við starfsfólk á Vinnumálastofnun á eftirfarandi hátt:

Við vinnum hér til að styðja við menntun barnanna okkar, svo að þau geti komið hingað... Ég spurði „hvers vegna neitar þú okkur? Þetta eru börnin okkar.“ Og þau sögðu „þetta er ekki fyrir ykkur. Þau verða að sækja um sem hjúkrunarfræðingar ef þau hafa þá menntun. Reynið að sækja um leyfi sem hjúkrunarfræðingar.“ En þar sem hann horfði á okkur gamla fólkið þá sagði hann: „Við munum hafna beiðni ykkar því það er svo margt fólk frá Evrópu sem hefur forgang“. ... Vandamálið okkar hér á Íslandi er að við getum ekki fengið börnin okkar til okkar. Við búum á Íslandi og konan mín hefur íslenskt ríkisfang. Við vitum að börnin okkar eru eldri en 18 ára, en við skiljum samt ekki hvers vegna þau geta ekki flutt til okkar. Þetta er stærsta vandamálið okkar á Íslandi. Þetta eru börnin okkar. Ef við værum að biðja um leyfi fyrir frændfólk okkar þá auðvitað, en þetta eru börnin okkar og við verðum að fá þau hingað og þeir verða að skilja okkur.

Þessi reynsla varpar ekki aðeins ljósi á óánægju fólks með breytingarnar og samskipti við opinbera stofnun, heldur sýnir einnig ólík viðhorf til fjölskyldunnar, mikilvægi hennar og hvar mörk hennar liggja (Yuval Davis, 2013). Fyrir bæði Nepala og Filippseyinga hefur stórfjölskyldan annað og meira hlutverk en stórfjölskyldan á Íslandi. Fyrir 2006 gátu Filippseyingar og Nepalir útvegað systkinum eða öðrum ættingjum vinnu á Íslandi eins og fram hefur komið, en það hefur verið nær útilokað eftir árið 2006. Einnig bendir fólk á að þeim finnist orðið erfiðara að fá ættingja og vini í heimsókn. Kona frá Nepal reyndi að fá ungan frænda frá Nepal sem *au pair*, þar sem það væri ódýrara en að setja barnið í dagvistun. Þetta var flókið ferli og hjá útlendingastofnun var henni sagt að það tæki 90 daga að fá vegabréfsáritun. Eftir 90 daga kom í ljós að það vantaði viðbótargögn og þá tók aftur við 90 daga bið til fá í upplýsingar um hvort þetta væru fullnægjandi gögn. Hún benti á að henni hefði ekki verið sagt að fyrra bragði hvaða gögn vantaði. Þegar hún hringdi í Útlendingastofnun fékk hún svör sem hún sagði að hafi einkennst af fordómum og litlum áhuga á aðstoða hana. Fleiri þátttakendur í rannsóknnum okkar hafa list svipaðri reynslu af samskiptum við opinberar stofnanir og hafa þurft að treysta á upplýsingagjöf frá samlöndum.

Breytileg mæri: Að tilheyra og taka þátt í samfélaginu

Það að fá aðild að samfélagi er meðal annars háð sköpun mæra og afmörkun þeirra. Það að fá ríkisborgararétt er mikilvæg leið til að öðlast aðgang og réttindi í nýju samfélagi. Flestir þeirra sem koma frá Filippseyjum og Nepal sækja um íslenskan ríkisborgararétt þegar þeir hafa verið nægilega lengi á Íslandi (sjö ár) ólíkt fólki frá EES sem hefur að miklu leyti sama rétt og Íslendingar og virðast síður telja sig þurfa á íslensku ríkisfangi að halda til að styrkja stöðu sína. Þetta má sjá þegar litið er á tölur yfir þá sem hafa fengið ríkisfang á Íslandi á síðustu áratugum sem sýnir að hlutfall þeirra sem öðlast íslenskt ríkisfang er til dæmis mun hærra hjá þeim sem koma frá Nepal og Filippseyjum en þeim sem koma frá Póllandi og Litháen (Hagstofa Íslands, 2014 b).

Flestir þátttakendur í rannsóknnum okkar hafa almennt góða reynslu að því að búa á Íslandi og benda á þætti eins og öryggi, frið og gott heilbrigðiskerfi. Margir þeirra hafa þó einnig neikvæða reynslu á vinnustað eða í almenningsrými sem þeir segja að beinist

gegn þeim sem fólks með asískt útlit og sumir þeirra kalla rasisma. Þetta er í samræmi við nýlega rannsókn sem fjallar um upplifanir fólks af erlendum uppruna af duldem fordómum sem það verður fyrir dags daglega (Guðrún Pétursdóttir, 2012). Þeir kynþáttafordómar sem finna má í íslensku samfélagi er þó ekki nýir af nálinni eins og Kristín Loftsdóttir (2010) hefur bent á. Hugtakið nýbúi, sem átti að vera jákvætt, þróaðist í það að vera fyrst og fremst notað yfir þá sem ekki eru hvítir og í auknum mæli yfir þá sem koma frá Asíu. Bæði karlar og konur tala um atvik þar sem þeim var sagt að fara heim og nokkrar konur frá Filippseyjum sögðu í viðtölum að þær hefðu verið spurðar hve mikið þær kostuðu. Sterkar staðalmyndir má finna um konur frá Asíu sem undirgefnar eiginkonur og eru konur frá eins ólíkum löndum og Nepal, Filippseyjum og Tælandi settar undir sama hatt. Nepalskur karlmaður sagði frá því að hann hefði verið kallaður „helvítis útlendingur“ fyrir framan heimili sitt og filippseysk kona var elt af unglíngum frá strætóstoppistöð að heimili hennar. Ung nepölsk kona talaði einnig um að hafa upplifað fordóma af hendi kennara síns. Rannsókn sem framkvæmd var af fyrsta höfundum þessarar greinar árið 2012 og fjallaði um viðhorf Íslendinga til fólks sem kemur til að vinna á Íslandi sýnir að meirihluti svarenda voru jákvæðir gagnvart erlendu starfsfólki. Meðal þeirra lægst launuðustu var þó stærra hlutfall fólks sammála staðhæfingunni: „Íslendingar eiga að hafa forgang á vinnu- markaði þegar það eru fá störf í boði.“ Þetta eru jafnframt þeir sem eru líklegastir til að vinna við sömu störf og innflytjendur. Margir viðmælendur okkar hafa upplifað mismunun á vinnustað. Ungur maður frá Filippseyjum sem spurður var um reynslu að fordómum sagði:

Ég hef ekki svoleiðis vandamál varðandi fyrirtækið sem ég vinn hjá, en stundum gagnvart vinnufélögum vegna þess að það eru sumir Íslendingar sem eru fordómafullir gagnvart fólki frá Asíu. Þeir sýna fordóma þegar þeir segja „farðu til baka þaðan sem þú komst.“ Það er sama hve reiður ég er þá er ég þú veisti bara útlendingur hérna. Þeir reyna að slá þessu upp í grín til að reyna að friða mann. Þeir eru bara að leika sér að tilfinningum okkar. Ef maður er ekki þolinmóður getur þetta komið manni úr jafnvægi.

Þrátt fyrir að fólk frá Filippseyjum og Nepal taki virkan þátt á vinnu- markaði á Íslandi og að lítið atvinnuleysi sé meðal þeirra er það oftast í sterkum félagslegum tengslum við fólk frá upprunalandi. Fá þeirra eru hluti af íslenskum vinnuhópum og mörg eru í störfum þar sem stór hluti vinnufélaga koma einnig frá öðrum löndum. Þó eru tengsl við íslenskt samfélag oftast meiri meðal þeirra sem eiga íslenska maka. Eins og með fólk frá Austur- Evrópu hefur verið tilhneiging til að skilgreina fólk frá þessum löndum sem tímabundið vinnuafl. Þetta kom skýrt fram eftir efnahagshrunið 2008, þegar nokkrir viðmælendur okkar urðu varir við að gert var ráð fyrir að þeir eins og aðrir innflytjendur snéru aftur til upprunalands. Orðræðan um innflytjendur og mæri breyttist í hrúningu og andstætt orðræðu fyrir hrún þar sem að mikil áhersla var lögð á að landið væri opið varð orðræðan meira útilokandi og áhersla á sameiginlega sögu og uppruna Íslendinga meira áberandi (Kristín Loftsdóttir, 2009). Þetta mátti til dæmis sjá í aukinni áherslu á íslensku og minna umburðarlyndi gagnvart þeim sem tala íslensku með hreim (Wojtynska og Zielinska, 2010). Næstum allar atvinnuauðgýsingar voru eftir það á íslensku og mjög oft var gerð krafa um góða kunnáttu í íslensku. Fólk bendir einnig á að það sé ekki mikil þolinmæði gagnvart því að tala íslensku með hreim. Í sumum tilfellum virðist tungumálið þannig vera notað sem tæki til útilokunar. Viðmælendur benda á að Íslendingar væru viljugri að tala við þá ensku ef þeir væru ekki asískir. Þannig tala margir um tungumálið þegar þeir eru spurðir um útilokun eða fordóma á Íslandi. Tungumálið virðist því vera einn af þáttunum sem skapar hindranir og mótarmæri. Það að tala íslensku virðist vera sönnun á hollustu og tryggð fólks við landið. Þetta kemur meðal annars fram í að árið 2009 var lögum um

Íslenskan ríkisborgararétt breytt á þann veg að umsækjendur þurfa að gangast undir próf í íslensku. Þó margir þátttakendur í rannsóknum okkar tali um að prófið sé ekki mjög erfitt skapar það hindrun fyrir ýmsa hópa sem erfitt getur verið að yfirvinna. Nokkrar nepalskar konur segja til dæmis í viðtölum að þær hafi upplifað íslensku-prófið sem hindrun við að sækja um ríkisborgararétt þar sem þær hafa ekki lært að lesa og skrifa í Nepal og eiga erfitt með að læra íslensku og treysta sér ekki til að taka skriflegt próf. Þarna skarast hin landfræðilegu landamæri og þau mæri sem fólk mætir vegna þess hve mikilvægt íslenskt vegabréf getur verið. Það opnar möguleika á ferðalögum sem eru næstum ómöguleg fólki með vegabréf frá ýmsum löndum Asíu.

Umræða og lokaorð

Hér höfum við rætt reynslu fólks sem flust hefur til Íslands frá Filippseyjum og Nepal og beint sjónum okkar að því hvernig það fær aðild og hvernig það er útilokað frá því að tilheyra og verða þátttakendur í íslensku samfélagi. Við höfum sýnt mikilvægi þess að skoða bæði landfræðileg landamæri og félagslega/menningarlega mótuð mæri í þessu samhengi og hvernig bæði landamæri og mæri eru breytileg. Við byggjum umræðu okkar á reynslu mjög ólíkra hópa hvað varðar trú, menningararf og bakgrunn, en sýnum að strangari reglur varðandi innflytjendur sem koma utan Evrópu hafa á margan hátt svipuð áhrif á reynslu þeirra á Íslandi. Möguleikar þeirra að fá ættingja til landsins á grundvelli atvinnu og fjölskyldusameiningar hafa minnkað. Mæri þjóða eru í sífelldri endursköpun og hafa áhrif á það hvernig aðgangi og útilokun er háttáð og hvaða þættir eru dregnir fram í því samhengi. Tengsl beggja hópa við íslenskt samfélag eru mikið til í gegnum þátttöku á vinnumarkaði en oft lítil á ördum sviðum. Þeir verða einnig, sem innflytjendur frá Asíu, fyrir sambærilegum fordómum. Fordómar sem fólk verður fyrir í almenningsrými og á vinnustað sýna vel hve erfitt er að fá aðild að íslensku samfélagi þar sem mærin eru skilgreind út frá sameiginlegum uppruna og tungumáli. Fólk er stöðugt skilgreint sem útlendingar og nýbúar. Niðurstöður okkar eru sambærilegar öðrum rannsóknum sem sýna jaðarsetningu erlends fólks á Íslandi. Á umræðu okkar má sjá að ferli útilokunar og aðildar eiga sér ekki aðeins stað staðbundið á vinnustað og vettvangi ríkisins heldur einnig á þverþjóðlegum vettvangi samninga eins og EES þegar ákveðið er að veita Evrópubúum forgang á vinnumarkaði.

Heimildir

- Bissat, J. G. (2013) Effects of policy changes on Thai migration to Iceland. *International Migration*, 51(2), 46-59.
- Eriksen, T. H. (2007). Complexity and social and cultural integration. Some analytical dimensions. *Ethnic and Racial Studies*, 30(6), 1055-1069.
- Fassin, D. (2011). Policing borders, producing boundaries. The governmentality of immigration in dark times. *Annual Review of Anthropology*, 40, 213-226.
- Guðmundur Hálfðánarson. (2001). *Íslenska Þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðrún Pétursdóttir. (2012). *Um birtingarmyndir dulinna fordóma og mismununar í garð innflytjenda á Íslandi* (Rannsóknarskýrsla). Reykjavík: InterCultural Ísland.
- Green, S. (2013). Borders and the relocation of Europe. *Annual Review of Anthropology*, 42, 345-61.
- Hagstofa Íslands, 2014 (e.d. a) *Veiting íslensks ríkisfangs eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1991-2012*. Sótt af <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN04120%26ti=Veiting+%E6%F0ingardandi%2C+kyni+og+aldri+1991%2D2012%26path=../Database/mannfoldi/Rikisfbr/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hagstofa Íslands (e.d. b). *Íbúar fæddir erlendis eftir bakgrunni, kyni, ríkisfangi og fæðingarlandi*. 2013. <http://hagstofa.is/?PageID=2593&src=https://rannsokn.hagstofa.is/pxis/Dialog/varval.asp?ma=MAN43004%26ti=%CDB%FAar+f%E6ddir+erlendis+eftir+bakgrunni%2C+kyni%2C+r%EDkisfangi+og+f%E6%F0ingardandi+2013%26path=../Database/mannfoldi/Uppruni/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hallfríður Þórarinsdóttir. (2004). „Málssvari Heimsósóma“. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í Félagsvísindum V*. (bls. 553-563). Reykjavík: Háskólaútgáfan .
- Íris Björg Kristjánsdóttir. (2010). *Lög um útlendinga á Íslandi: Mannfræðiryndi á lagaumbverfi innflytjenda á Íslandi frá 1920-2009*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskóli Íslands, Námsbraut í mannfræði.
- Júlíusdóttir, M. Skaptadóttir, U. D. og Karlsdóttir, A. (2013). Mapping gendered migration in turbulent times in Iceland: Trends in spatial and labour market intersectionality from the 1990s. *The Norwegian Journal of Geography*, 67, 266-275.
- Karl Sigurðsson og Valur Arnarsson. (2011). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði árin 2006-2009. Veitt atvinnuleysi, skráning ríkisborgara frá nýjum ríkjum ESB, viðbót um starfsmannaleig og þjónustusamninga og áætlað vinnuafli og atvinnuleysi*. Reykjavík: Vinnumálastofnun. Sótt af http://www.vinnumalastofnun.is/files/Erlendir%20r%C3%ADkisborgarar%20%C3%A1%20%C3%ADslenskum%20vinnumarkaði%202006-2009%20II_628248957.pdf
- Kristín Loftsdóttir. (2009). Kjarnmesta fólkið í heimi: Þrástef íslenskrar þjóðernishyggju í gegnum lýðveldisbaráttu, útrás og kreppu. *Ritid*, 9(2-3), 113-140.
- Kristín Loftsdóttir. (2010). Leifar nýlendutímans og kynþáttahyggju: Ljóð Davíðs Stefnánsóssonar, Tómasar Guðmundssonar og deilur um skopmyndir Sigmunds. *Skírnir*, vor 2010, (121-144).
- Loftsdóttir, K. (Í prentun). Vikings invade present – day Iceland. Í Durrenberger, P. E. og Pálsson, G. (ritstjórar). *Gambling debt: Iceland's struggle with the new world order*. University Press of Colorado.
- Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga K. Tryggvadóttir. (2009). Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008. *Hagtíðindi*, 1. <https://hagstofa.is/lislib/getfile.aspx?ItemID=9077>
- Parrenas, R. S. (2001). Mothering from a distance: Emotions, gender, and intergenerational relations in Filipino transnational families. *Feminist Studies* 27(2), 361-390.

- Ruhs, M. og Martin, P. (2008). Numbers vs rights: Trade-offs and guest worker programs. *International Migration Review*, 42(1), 249-65.
- Skaptadóttir, U. D. (í prentun). What happened to the migrant workers? Í Durrenberger, P. E. og Pálsson, G. (ritstjórar). *Gambling debt: Iceland's struggle with the new world order*. University Press of Colorado.
- Skaptadóttir, U. D. og Wojtyńska, A. (2008). Labour migrants negotiating places and engagements. Í J. O. Bærenholdt og B. Granås (ritstjórar), *Mobility and place. Enacting northern European periphery* (bls. 115-125). Aldershot: Ashgate.
- Unnur D. Skaptadóttir. (2007). Ólíkar raddir: Afstaða innflytjenda til íslensks máls. *Ritið*, 7(1), 47-63.
- Unnur D. Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2009). Cultivating culture? Images of Iceland, globalization and multicultural society. Í Sverrir Jakobsson (ritstjóri), *Images of the North: Histories, identities, ideas*. Amsterdam: Rodopi
- Vertovec, S. (2004). Migrant transnationalism and modes of transformation. *International Migration Review*, 38(3), 970-1001.
- Wimmer, A. og Schiller, N. G. (2003). Methodological nationalism, the social sciences, and the study of migration: An essay in historical epistemology. *International Migration Review*, 37, 576–610.
- Wojtyńska, A. og Zielińska, M. (2010). Polish migrants in Iceland facing the financial crisis. Í Gunnar Þ. Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejillinn: Rannsóknir í félagsvísindum XI*. (bls. 1-11). University of Iceland: Félagsvísindastofnun.
- Yuval-Davis, N. (2011) *The politics of belonging*. Intersectional Contestations. London Sage